## Lokaskýrsla

Þróunarverkefni unnið við Kerhólsskóla

2010 – 2012

# Til móts við náttúruna




Verkefnisstjóri: Ragna Björnsdóttir

Ráðgjafi: Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands

## Inngangur

Veturinn 2009 – 2010 sótti starfsfólk Grunnskólans Ljósuborgar um styrk til Sprotasjóðs, Mennta- og menningamálaráðuneytis, fyrir þróunarverkefnið *„Til móts við náttúruna"*. Til verkefnisins hlaust styrkur að upphæð kr. 700.000. Sá styrkur gerði fámennum starfsmannahópi kleift að halda áfram vinnu sem lagður var grunnur að í þróunarverkefninu *„Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu"* sem lauk um mitt árið 2010. Í því skólaþróunarverkefni voru m.a. lögð drög að stefnu skólans um útinám og umhverfismennt.

Grunnskólinn Ljósaborg hóf starfsemi árið 2005. Frá stofnun hans var stefnt að því að þar væri starfað í anda einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og umhverfismenntar með áherslu á list- og verkgreinar. Áhersla er lögð á samkennslu árganga og teymiskennslu kennara.

Frá því er styrkveiting til þróunarverkefnisins *„Til móts við náttúruna"* hlaust hafa orðið ýmsar breytingar á skólastarfi Grunnskólans Ljósuborgar. Um áramótin 2010 – 2011 var hann sameinaður Leikskólanum Kátuborg og bera þeir nú heitið Kerhólsskóli. Við Kerhólsskóla starfa nú sautján starfsmenn í leik- og grunnskóladeild og eru nemendur 56 talsins á aldrinum eins árs til fjórtán ára. Þessar tvær deildir eru staðsettar hvor í sínu húsnæði, en um þessar mundir er unnið að nýbyggingu sem mun gera Kerhólskóla kleift að starfa undir einu þaki.

Þrátt fyrir breytingar var verkáætlun þróunarverkefnisins fylgt eftir og hún kynnt starfsfólki leikskóladeildarinnar. Það hefur frá sameiningu tekið fullan þátt í vinnu við verkefnið og tileinkað sér markmið þess. Í umsókn um styrk til þróunarverkefnisins kom fram að meginmarkmið þess væri að auka fjölbreyttni í náms- og kennsluháttum með áherslu á náttúrufræði, umhverfismennt , list- og verkgreinar þar sem unnið yrði að eftir farandi þáttum:

1) Að nýta náttúruna til útináms og listsköpunar.

2) Að efla tengsl skólans við nærsamfélagið á sviði umhverfismenntar og grenndarnáms.

3) Vinna að því að hljóta Grænfánann.

Í styrkumsókn kom einnig fram að áætlaður afrakstur verkefnisins væri rit um útinám, útinámssvæði og grenndarskóg Grunnskólans Ljósuborgar.

Umsjón með verkefninu hefur verið í höndum Hilmars Björgvinssonar skólastjóra og Rögnu Björnsdóttur verkefnisstjóra en ráðgjafi hefur verið Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands.

## Leiðir að markmiðum

Allt starf í Kerhólsskóla, hvort sem um ræðir gerð skólanámskrár, nám og kennsla, endurmenntun starfsfólks, skóladagatal, skipulagsvinna og önnur fagleg störf, hefur síðustu þrjú ár borið þess vitni að unnið hefur verið að markmiðum þróunarverkefnisins *„Til móts við náttúruna"*.

Til þess að þau næðu fram að ganga voru mælanleg markmið sett fram í skólanámskrá sem stefna skólans í umhverfismennt. Þessi mælanlegu markmið komu fram í styrkumsókn og voru grunnur að verkáætlun þróunarverkefnisins (sjá fylgiskjal nr. 1). Hún var síðan endurskoðuð og sett upp sem tíma- og verkáætlun (sjá fylgiskjal nr. 2).

Hér á eftir verða tilgreind þessi mælanlegu markmið og bent á leiðir sem farnar voru til þess að fylgja þeim eftir og tryggja að þau næðu fram að ganga.

- *Að útinámssvæði verði þróað og nýtt við skólann.*

Við skólann er kjörið svæði til útináms. Skólinn stendur í hraunjaðri Borgarhóls þar sem er ósnortinn mói og skógarlundur Skógræktarfélagsins. Dýra- og plöntulíf er þar mjög fjölbreytt. Ákveðið var að smíða skýli á skólalóðinni sem nýst gæti við kennslu og umræður í útinámi, útieldun og fleira. Markmiðið var að nemendur smíðuðu sem mest sjálfir og notað yrði efni úr nytjaskógi í sveitarfélaginu, en hann er í eigu Skógræktarfélags Árnesinga og staðsettur að Snæfoksstöðum. Eldri nemendur unnu mest við smíðarnar í valgreinatímum og smíðatímum með hjálp starfsfólks og foreldra sem tóku þátt í verkinu á umhverfisdögum. Tvö eldstæði voru gerð fyrir utan skýlið, nefnd Magni og Móði. Bekkir voru gerðir úr drumbum til þess að nota í skýli og í kringum eldstæði og trjákurl var sett í göngustíga sem liggja um móann og skógarlundinn.



Útinámssvæði



Útinámssvæði

Mikil áhersla hefur verið lögð á það að nemendur taki virkan þátt í öllu því sem gert hefur verið á útinámssvæðinu. Sú vinna hefur gengið vel og nemendur eru stoltir af verkum sínum og ganga vel um útinámssvæðið sitt sem nýtt er jöfnum höndum til útináms og leikja. Nemendur í leikskóladeild hafa, í vikulegum skógarferðum, einnig nýtt svæði sem er að finna vestar í Borgarhólnum. Það er fallegur skógarlundur sem er í útjaðri tjaldsvæðisins og vel fallinn til náms og leikja.

- *Að umhverfisnefnd starfi við skólann.*

Í umhverfisnefnd skólans sitja tíu fulltrúar. Fjórir nemendur, fimm starfsmenn og eitt foreldri. Nemendum í fjórum bekkjardeildum gafst kostur á því að bjóða sig fram og var dregið úr nöfnum þeirra sem buðu sig fram, starfsmenn voru útnefndir á starfsmannafundi og foreldrafélagið útnefndi fulltrúa foreldra. Umhverfisnefnd heldur fund annan hvern mánuð, á skólatíma í u.þ.b. fjörutíu mínútur. Verkefnisstjóri og nemendafulltrúar hittast þó oftar og stýra bekkjafundum.

- *Að skipulagðar hafi verið vettvangsferðir sem allir nemendur skólans fara í á sinni skólagöngu. Þessar vettvangsferðir verði með skýra vísun í námskrá árganga.*

Í þróunarverkefninu *„Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu"* sem lokið var við um mitt ár 2010 var unnin áætlun um vettvangsferðir nemenda í grunnskóladeild og nýtingu á nærumhverfi skólans við nám og kennslu (sjá skýrsluna *Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu* á heimasíðu skólans www. kerholsskoli.is). Þessari áætlun hefur verið fylgt eftir síðustu tvö ár og hafa verið nýttir til þess tveir til þrír dagar að vori og einn til tveir dagar að hausti. Síðastliðið haust var til að mynda farið í eina af stærri vettvangsferðunum sem gert er ráð fyrir í áætluninni, útilegu á Þingvelli. Þar dvöldu nemendur, starfsfólk og foreldrar í tvo daga og gistu í tjöldum eina nótt. Áhersla hefur verið lögð á að fram komi í skólanámsskrá hvers árgangs hvernig unnið sé fyrir og eftir vettvangsferðir, að hvaða markmiðum sé unnið og hvernig námsmati sé háttað (sjá Skólanámskrá Kerhólsskóla 2011 – 2012 á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is). Vettvangsferðir í leikskóladeildinni eru einnig í föstum skorðum, en þar er farið í sveitaferð að vori, réttarferð að hausti og útskriftarferð með elsta hópinn. Elstu nemendur leikskóladeildar munu framvegis fara með yngstu nemendum grunnskóladeildar í jólatrésferð að Snæfoksstöðum í desember.


Þingvallaferð


Sveitaferð

- *Að skólanámskrá Kerhólsskóla beri umhverfisstefnu skólans glöggt vitni.*

Eins og fyrr segir er að finna í námskrá árganga tengingar við vettvangsferðir. Umsjónar- og greinakennarar sjá um að skrifa í námskrána hvernig kennslu í náttúrufræði og


Vinnustofur á Sólheimum

umhverfismennt er háttað í hverjum árgangi fyrir sig. Í almenna hlutanum er einnig að finna umfjöllun um samstarf Kerhólsskóla við Sesseljuhús, umhverfisseturs á Sólheimum (sjá *Skólanámskrá Kerhólsskóla* 2011 – 2012 á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is).

- *Að nemendur og starfsmenn flokki allt rusl og endurnýting verði hafin.*

Í skólanum er flokkað allt plast, pappír, fernur, rafhlöður, málmar og spilliefni. Í leikskóladeildinni er einnig flokkaður lífrænn úrgangur. Flokkað er eftir ákveðnu kerfi sem er eins á öllum skólastigum og fara fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd reglulega yfir það á bekkjafundum. Nemendur hafa nýtt sér margt sem til fellur við flokkun í verkefnavinnu og sköpun, t.d. við gerð skúlptúra, í pappírsgerð, í stærðfræði og gerð líkana af ýmsu tagi.


Pappírsgerð

- *Að unnið verði að framtíðarsýn skólans í umhverfismennt og henni komið á framfæri á vef skólans og í skólanámskrá.*

Nemendur og starfsfólk skólans hefur á síðustu tveimur árum unnið að gerð umhverfissáttmála sem tók gildi í lok árs 2011. Lögð var áhersla á að sem flestir kæmu að gerð sáttmálans, leikskólanemendur jafnt sem grunnskólanemendur og að hann endurspeglaði ólík sjónarhorn. Til þess að nemendur ættu auðveldara með að tileinka sér sáttmálann var hann ritaður sem leiðir að markmiðum fremur en boð eða bönn (sjá fylgiskjal nr. 3). Umhverfissáttmálann er einnig að finna á heimasíðu skólans undir flipa sem merktur er nafni þróunarverkefnisins „*Til móts við náttúruna*" og verður settur í skólanámskrána á hausti komandi. Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd fara reglulega yfir sáttmálann á bekkjafundum og sjá um að fylgja honum eftir.

- *Grenndarskógur, að skólinn verði kominn með land til ráðstöfunar fyrir trjárækt og matjurtarræktun 2012.*

Á vordögum 2012 fékk Kerhólsskóli formlega afhent landsvæði fyrir skólaskóg og matjurtagarð. Svæðið er í útjaðri golfvallar sem verið er að skipuleggja og vinna að á Borgarsvæðinu. Þangað er u.þ.b. tuttugu mínútna gangur frá skólanum. Þar gróðursettu nemendur rúmlega 200 birkiplöntur, nokkrar stafafurur og settu niður kartöflur. Flestar birkiplönturnar fékk skólinn með úthlutun úr Yrkjusjóði.


Gróðursetning

- *Að þrír umhverfisdagar verð haldnir á hverju ári í skólanum.*

Þessu markmiði er löngu náð og eru umhverfisdagarnir, að undanskildum vordögum á grunnskólastiginu, líklega orðnir nær því að vera fimm á ári. Þeir eru: Dagur íslenskrar náttúru sem hefur verið nýttur til sameiginlegra gönguferða eða vettvangsferða um næsta nágrenni skólans, til að mynda skógarferða eða í fjallgöngur.


Leikræn tjáning

Réttardagur í september þar sem farið er í Klausturhólaréttir við Seyðishóla eða í Selflataréttir í Grafningi.

Dagur umhverfisins auk dagins þar á eftir sem nýttir hafa verið til stöðvavinnu þar sem öllum aldurshópum af leik- og grunnskólastiginu er blandað saman. Þá er lögð áhersla á umhirðu skólalóðar og skógarlundar, tínt rusl, sópað, grisjað og kurl borið í stíga svo eitthvað sé nefnt. Dæmi um fleiri verkefni á umhverfisdögum eru útieldun, leikræn tjáning, tálgun og ratleikir.


Í kartöflugarðinum

Í vor bættist við fimmti umhverfisdagurinn þegar gróðursett voru tré og settar niður kartöflur og á hausti komandi fjölgar líklega um einn í viðbót sem kalla mætti uppskerudag, þá verður farið að taka upp kartöflur sem settar voru niður síðastliðið vor.

- *Að aðilum grenndarsamfélagsins verði boðin þátttaka í umhverfisdögum og samstarfi komið á við aðila sem tengjast umhverfismálum og/ eða skólanum á einhvern hátt.*

Foreldrar hafa verið hvattir til þess að koma og taka þátt í umhverfisdögunum í skólanum og hafa sumir gert það, t.d. á stöðvadögum á vorin og í réttarferðum á haustin. Mjög virk og góð þátttaka var einnig í útilegunni á Þingvöllum sl. haust.


Réttarferð

Mikið og gott samstarf hefur verið við umsjónarmenn Sesseljuhúss á Sólheimum um umhverfismennt fyrir nemendur í 8. bekk. Er það nú orðinn fastur liður í skólastarfinu. Þeir bændur sem fé eiga í Klausturhólaréttum og Selflataréttum hafa tekið vel á móti nemendum ár hvert þegar farið hefur verið í réttarferð og starfsfólk Skógræktarfélags Árnesinga hefur sömuleiðis tekið vel á móti nemendum á umhverfisdögum þegar farið hefur verið í skógræktina að Snæfoksstöðum.

- *Að útinám verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu.*


Skógarferð


Útinám

Útivist leikskóla-nemenda á skólalóð er ákveðinn hluti starfsins dag hvern, en auk þess hafa á sl. skólaári bæst við skógarferðir einu sinni í viku. Þá er farið í skógarlund vestan í Borgarhólnum í útjaðri tjaldsvæðisins sem er vel fallinn til náms og leikja. Útinám hefur verið í heimilisfræði hjá grunnskólanemendum s.l. tvö ár og útinámstími var í fyrsta skipti festur í stundaskrá 1. – 4. bekkjar skólaárið 2011 – 2012, tvær kennslustundir á viku. Útinám hefur í eldri bekkjardeildum verið nýtt þegar það hefur þótt hæfa markmiðum og viðfangsefni en ekki verið fest sem ákveðnir tímar í stundaskrá. Skólaárið 2012 – 2013 verður útinám fastur liður í stundaskrá allra nemenda í Kerhólsskóla.

- *Að samstarf verði við grenndarsamfélagið í tengslum við útinámið.*

Eins og fram hefur komið er samstarfið við grenndarsamfélagið orðið töluvert. Nefnt hefur verið samstarfið við Skógræktarfélag Árnesinga, við forstöðumenn Sesseljuhúss á Sólheimum, bændur í sveitinni og foreldra, m.a. þátttaka þeirra í ferðalögum og vordögum. Einnig hafa aðrir íbúar í sveitarfélaginu tekið vel á móti nemendum á miðstigi sem unnið hafa markvisst að gerð grenndarnámsverkefna um samfélagið og umhverfi sitt. Fyrirtæki sem starfa í sveitarfélaginu hafa líka tekið vel á móti nemendum og kynnt þeim starfsemi sína.


Hjólaferð að vori


Heimsókn í fiskeldi

- *Að unnið verði rit/starfsáætlun um útinám og útinámssvæði skólans í tengslum við þróunarstarf á árunum 2010 – 2012.*

Mjög gott rit um útinám var tekið saman í kjölfar þróunarverkefnisins „ *Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu*" sem unnið var af starfsmönnum Grunnskólans

Ljósuborgar. Þeim starfsáætlunum um útinám, vettvangsferðir og útinámssvæði sem þar er að finna hefur að mestu verið fylgt eftir og unnið samkvæmt þeim síðustu tvö ár (sjá skýrsluna *Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu* á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is).

- *Að útilistaverk verði afhjúpað við lok þróunarverkefnis.*

Í ársbyrjun 2012 fékk starfsfólk Kerhólsskóla listamanninn Halldór Ásgeirsson til samstarfs við sig til þess að vinna að gerð útilistaverks með nemendum sem afhjúpað yrði við skólaslit í júní 2012. Hann kom, kynnti sig og verk sín fyrir nemendum og var með innsetningu um leið. Þar bræddi hann hraungrýti með gasloga. Þá kynnti hann fyrir nemendum hugmyndir sínar að útilistaverki sem hann langaði til að vinna með þeim og í kjölfar heimsóknarinnar tóku nemendur til við að vinna skissur. Halldór heimsótti nemendur þrisvar sinnum og leiðbeindi þeim við skissugerð og valdi síðan eina skissu frá hverjum nemanda í grunnskóladeild og nemendum í elsta hópi leikskólans. Hugmyndin var að stækka myndirnar á léreft, mála þær og búa til fána. Fánaborgina átti síðan að reisa á skólaslitunum. Þegar líða fór að vori var fyrir séð að ekki næðist að mála alla fánana og var þá ákveðið að ljúka við gerð fána leikskólabarnanna og nemenda í 8. bekk. Það varð síðan samvinnuverkefni allra nemenda í grunnskóladeild að stækka teikningar á léreft og mála tólf fána fyrir skólalok.



Fánamálun



Vígsla á útilistaverki

Að hausti 2012 verður síðan haldið áfram við fánagerð og smám saman bætast fleiri í hópinn og verða hluti af stærra útilistaverki sem Halldór mun reisa á Borg, en til verksins fékk Grímsnes- og Grafningshreppur styrk frá Listskreytingasjóði ríkisins. Það útilistaverk verður vígt haustið 2013.

- *Að Grænfána verði flaggað.*

Á vordögum árið 2011 sótti Kerhólsskóli um það að verða Skóli á grænni grein. Því þurftu nemendur og starfsmenn að hafa stigið skrefin sjö, sem eru skilyrði fyrir úthlutun Grænfána, fyrir skólalok vorið 2012.
Unnið var að því að fullskipa umhverfisnefnd. Lokið var við gerð umhverfissáttmála og hann



Afhending Grænfána

samþykktur (sjá fylgiskjal nr. 3).
Metin var staða í umhverfismálum og gerðar áætlanir um aðgerðir til úrbóta (sjá greinagerðina *Skóli á grænni grein* á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is).
Fulltrúar í umhverfisnefnd fylgdu eftir með endurmati og fóru reglulega yfir sáttmálann með nemendum og starfsfólki.
Unnið var að sameiginlegum þemaverkefnum á öllum skólastigum í umhverfismennt og náttúrufræði. Skólaárið 2011 – 2012 urðu fyrir valinu þemaverkefnin: Endurvinnsla, skógurinn og vatn.
Nemendur og starfsfólk lagði sig fram við að kynna stefnu skólans í umhverfismennt með því að skrifa fréttir á heimasíðu skólans, skrifa greinar í héraðsblöð, halda sýningar og kynningar á vinnu og verkefnum nemenda og síðast en ekki síst að hafa áhrif á heimili og íbúa sveitarfélagsins.

## Frávik frá áætlun verkefnis

Frávik frá verkáætlun sem sett var fram við upphaf þróunarverkefnisins haustið 2010 eru ekki mörg. Í einu tilviki er um frávik að ræða en í tveimur tilvikum er frekar um breytingar en frávik að ræða.

Frávikið felst í þeim hluta verkáætlunar sem nefnist sjálfsmat. Í febrúar 2011 var fyrirhugað að leggja fyrir sjálfsmatskönnun í Kerhólsskóla um nám og kennslu. Þar var gert ráð fyrir að leggja fyrir spurningar í tengslum við útinám og kennsluhætti. Vegna skipulagsbreytinga og sameiningar á leik- og grunnskóla, eins og nefnt var í inngangi, gafst ekki nægur tími til vinnu í sjálfsmati og könnunin sem leggja átti fyrir í febrúar 2011 var lögð fyrir í febrúar 2012.

Eins og fyrr segir urðu tvær breytingar á verkáætlun. Önnur felst í gerð útilistaverks sem er að hluta til lokið en verður áfram unnið að næsta skólaár og formlega vígt sem hluti af stærra verki haustið 2013. Hin breytingin er sú að í stað þess að gefa út rit/starfsáætlun um útiskólann eins og fyrirhugað var þá hefur verið lagður grunnur að því að gera ljósmyndabók um þróunarverkefnið sem á að vera lokið í nóvember 2012. Ritið/starfsáætlunin um útiskólann sem unnið hefur verið eftir síðastliðin tvö ár hefur í raun verið gefið út í skýrslunni *„Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu"* sem lokið var við í árslok 2010.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Eins og fram kom í inngangi skýrslunnar hafa orðið ýmsar breytingar á skólanum frá því að vinna við þróunarverkefnið hófst. Þær breytingar höfðu vissulega áhrif á verkefnið. Til að mynda er ýmislegt sem þarf að samræma og undirbúa við sameiningu tveggja skóla þótt skólastigin séu ekki þau sömu. Slíkt tekur ákveðinn tíma sem kannski hefði að öðrum kosti verið varið í vinnu við þróunarverkefnið.

Einnig bættust í starfsmannahópinn starfsmenn leikskólans sem ekki voru kunnugir verkefninu, er hafði átt sér langan aðdraganda í grunnskólanum. Þeir sýndu verkefninu mikinn áhuga og jákvæðni en það tók þá nokkurn tíma að átta sig á verkefninu og upplifa sig sem þátttakendur í því. Það sem

helst skorti var sameiginlegur tími til þess að funda með öllum starfsmannahópnum í einu og ræða eða vinna við verkefnið.

Við undirbúning og úrvinnslu útinámsins hefði starfsfólk einnig viljað fá meiri tíma og nemendur hefðu kannski þurft að fá meiri undirbúningstíma með listamanninum Halldóri Ásgeirssyni, sérstaklega nemendur á eldri stigum. Það krefst ávallt aukinnar vinnu að innleiða nýja kennsluhætti. Hefði starfsfólk fengið meiri tíma til undirbúnings og úrvinnslu fyrir útinámið hefði þáttur þess kannski orðið jafnari á öllum aldursstigum og hefði Halldór fengið aukinn tíma með nemendum þá hefði áhugi eldri nemenda líklega orðið meiri allt frá byrjun. En þeir voru margir nokkuð lengi að taka við sér og setti það mark sitt á vinnu þeirra við skissugerðina.

Það má því líklega segja að tímaskortur hafi verið helsta hindrunin í verkefninu.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Þróunarverkefnið *„Til móts við náttúruna"* hefur leitt af sér marga góða þætti sem koma til með að skila sér áfram inn í skólastarf Kerhólsskóla og vonandi samfélagsins sem við búum í.

Án efa hefur verkefnið aukið fjölbreyttni í námi og kennsluháttum í skólanum sem er ein af forsendum þess að skólinn geti komið til móts við ólíkar þarfir og væntingar skjólstæðinga sinna. Samhliða því hefur verkefnið vakið nemendur og starfsmenn til umhugsunar um stöðu sína í umhverfinu og ábyrgðina gagnvart því. Hjá mörgum hefur orðið viðhorfsbreyting sem vonandi á eftir að leiða til góðs úti í samfélaginu.

Mörg þeirra verkefna sem unnin hafa verið og ferðir sem farnar hafa verið, kynna nemendum nærumhverfi sitt á nýjan máta og um leið hefur nærumhverfið fengið meiri innsýn í skólastarfið.

Síðast en ekki síst hefur þróunarverkefnið átt stóran þátt í því að sameina tvo starfsmannahópa og tvö skólastig. Vinnan við verkefnið, námskeið fyrir starfsfólk og námsferð til Noregs (sjá *Samantekt um náms- og kynnisferð til Noregs* á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is) gerðu það að verkum að starfsmenn hafa fengið tækifæri til þess að vinna að sameiginlegum markmiðum. Það hefur tekist með ágætum og hópurinn líklega tengst betur en ef ekki hefði verið sameiginlegt verkefni til þess að vinna að. Í námsferðinni til Noregs kynntist starfsfólk því hvernig útinámið er m.a. nýtt til þess að brúa bilið milli leikskóla- og grunnskólanemenda og efla vinatengsl milli ólíkra aldurshópa. Þetta sáu starfsmenn að átti vel við í þróunarverkefninu og innleiddu í skólastarfið síðastliðinn vetur.




Slík verkefni sem sameina nemendahópinn, eins og vinatengslaverkefni, samvinna um gerð fána í útilistaverkinu, sameiginlegir umhverfisdagar og skref sem hópurinn þurfti allur að stíga til þess að hljóta Grænfána eru líklega það sem gefur mest af sér til heildarinnar, þó það hafi ekki verið sett sem aðalmarkmið verkefnisins.

## Mat á verkefninu

Í febrúar 2012 var lögð fyrir sjálfsmatskönnun í Kerhólsskóla. Í þeirri könnun voru kannaðir þættir er snéru að námi og kennslu. Spurningar voru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.

Í nemendakönnun voru nemendur spurðir hvernig þeim líkaði við útinám og kom í ljós að u.þ.b. 88% þeirra líkaði það frekar vel eða mjög vel. Einnig voru þeir spurðir hvernig þeim gengi að læra á útinámsdögum eða í útinámstímum og kom þar í ljós að 78% nemenda fannst þeim ganga frekar vel eða mjög vel að læra í útinámi. Í lok könnunarinnar gafst nemendum tækifæri til þess að koma með athugasemdir um annað sem tengst gæti námi og kennslu. Þar nefndu nemendur að þeim líkaði mjög vel við vettvangsferðir og ferðalög sem og heimilisfræðina sem hefur að mestu verið kennd í útinámi síðustu tvö ár (sjá *Áfangaskýrsla um nám og kennslu, sjálfsmat Kerhólsskóla 2011 – 2012* á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is).

Samkvæmt þessum niðurstöðum er útinám greinilega leið sem flestir nemendur kunna að meta og líkar vel við.

Foreldrar barna í leikskóladeild og foreldrar barna í grunnskóladeild voru spurðir sömu spurninga í foreldrakönnun. Spurt var hvort þeir hefðu orðið varir við áherslurnar sem skólinn leggur á útinám og tengsl við umhverfið. 62% foreldrar barna í leikskóladeild sögðust mjög mikið eða frekar mikið verða varir við þessar áherslur og 76% foreldra barna í grunnskóladeild. Einnig voru þeir spurðir um afstöðu þeirra til útináms. 92% foreldra barna í leikskóladeild voru mjög jákvæðir eða fremur jákvæðir og 94% foreldra barna í grunnskóladeild.

Foreldrum gafst líka tækifæri til að koma með athugasemdir um útinámið. Þar kom m.a. í ljós að þeir vilja útinám notað sem mest og að tryggt sé að allir nemendur skólans njóti útináms í sama mæli.

Í starfsmannakönnun voru starfsmenn beðnir um að leggja mat sitt á það hvernig til hefði tekist með þróunarverkefnið *„Til móts við náttúruna"*. 80% svöruðu því að mjög vel eða frekar vel hefði tekist til með verkefnið.

Starfsmenn voru beðnir að nefna atriði sem vel höfðu tekist í þróunarverkefninu og nefndu þeir m.a. oft skrefin í Grænfánaverkefninu, s.s. flokkun og endurnýtingu, uppbyggingu/vinnu á útinámssvæði, útieldhús, Þingvallaferð, útinám í 1. – 4. bekk, skógarferðir leikskólabarna og fjallgöngur.

Einnig voru starfsmenn beðnir um að nefna atriði sem mættu betur fara. Þar kemur m.a. fram að auka mætti útinámið, sérstaklega í bekkjum á mið- og efstastigi og efla stuðning við kennara um úrlausnir/hugmyndir til kennslu í anda þróunarverkefnisins. Starfsmenn leikskólans hefðu viljað komast fyrr inn í verkefnið og nefnt var að gott hefði verið að fá fleiri sameiginlega vinnufundi með öllum starfsmönnum.

Allt frá því er verkefnið hófst hefur starfsmannahópurinn verið mjög virkur í umræðum og skoðanaskiptum um ólík verkefni/viðfangsefni þróunarverkefnisins. Segja má að á öllum fundum þar sem þróunarverkefnið bar á góma, hvort sem þeir voru þróunarverkefnisfundir eða almennir starfsmannafundir, hafi alltaf átt sér stað umbótamiðað mat. Þar var oftar en ekki verið að ræða hvernig einhver þáttur hefði til tekist og hvað best væri að gera næst þegar tekist væri á við hann, til

að mynda framkvæmd umhverfis- og stöðvadaga, vettvangsferða, grenndarnáms, útináms og umhverfismenntar.

Þann 6. júní 2012 sat Ingvar Sigurgeirsson, ráðgjafi við verkefnið, kennarafund með starfsmönnum í grunnskóladeild. Sá fundur var tileinkaður mati á þróunarverkefninu. Þar var farið yfir viðhorf kennara og hvernig þeim fannst til takast.

Rætt var um þætti sem vel þótti takast til með. Þar komu aftur fram atriði sem áður höfðu verið nefnd í sjálfsmatskönnun. Einnig töldu kennarar viðhorfsbreytingu hafa átt sér stað meðal nemenda og starfsfólks til útináms og umhverfismenntar. Umhverfisdagar, útieldhús, blöndun ólíkra aldurshópa og samstarfið við Halldór Ásgeirsson listamann, voru til sérstakrar umfjöllunar. Mikil ánægja var meðal starfsmanna með þessa þætti verkefnisins.

Þeir þættir sem bent var á að hefðu mátt fara betur höfðu líka verið nefndir í sjálfsmatskönnun í febrúar. Nefna má að tryggt væri að allir nemendur nytu útináms í sama mæli og það væri fest í stundaskrá allra árganga. Einnig kom fram að kennarar hefðu gjarnan viljað hafa meiri tíma til úrvinnslu og námsmats í útináminu. Það séu þættir sem vinna þurfi að. Í samstarfinu við Halldór Ásgeirsson kom í ljós að tími var frekar naumur og hefðu sumir nemendahópar kannski þurft að fá meiri undirbúningstíma með honum í upphafi verkefnisins þegar unnið var að skissugerð.

Mat skólastjóra Kerhólsskóla á þróunarverkefninu *Til móts við náttúruna* er að það hafi tekist vel og blásið ferskum og ánægjulegum vindum inn í skólastarfið með þátttöku, nemenda, starfsmanna, foreldra og alls samfélagsins. Verkefnið stuðlaði að samvinnu allra starfsmanna og nemenda sem var mikilvægur þáttur í sameiningu leik- og grunnskólans. Verkefnið hefur stuðlað að fjölbreyttum kennsluháttum þar sem útinám hefur öðlast fastan sess í skólastarfinu og umhverfisvitund þátttakenda hefur aukist. Skólastjóra þótti sérstaklega ánægjulegt að á skólaslitum sl. vor fékk skólinn afhentan Grænfánann, landskika undir skólaskóg og matjurtagarð og fánaútilistaverk var afhjúpað. Þessi stóru markmið verkefnisins náðust ásamt mörgum öðrum sem sett voru fram þegar lagt var af stað til móts við náttúruna. Skólastjóri þakkar starfsmönnum, nemendum og foreldrum fyrir gott og kraftmikið starf við þróunarverkefni þetta. Verkefnisstjóra, Rögnu Björnsdóttur er þakkað sérstaklega fyrir góða vinnu og verkstjórn, Ingvari Sigurgeirssyni ráðgjafa fyrir mikilvægar ábendingar og þægileg samskipti og Halldóri Ásgeirssyni listamanni fyrir skemmtilegt samstarf við gerð útilistaverks.



Námskeið í útieldun

## Niðurstöður verkefnis

Eins og fyrr segir var meginmarkmið þróunarverkefnisins *Til móts við náttúruna* að auka fjölbreyttni í námi og kennsluháttum með áherslu á umhverfismennt og list- og verkgreinar. Til þess að ná því markmiði voru sett fram fimmtán mælanleg markmið sem fjallað hefur verið um í skýrslunni hér á undan og bent á hvaða leiðir voru farnar til þess að þau næðu fram að ganga.

Það er mat verkefnisstjóra að þau markmið hafi náðst. Nemendur hafa sýnt verkefninu áhuga og unnið mjög vel, starfsmenn hafa lagt á sig mikla vinnu og sýnt metnað og foreldrar hafa fylgst vel með og tekið virkan þátt þegar til þeirra hefur verið leitað. Til marks um þetta eru niðurstöður úr sjálfsmatskönnun skólans sem lögð var fyrir í febrúar s.l. þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn voru m.a. spurðir spurninga er tengdust þróunarverkefninu (sjá; *Áfangaskýrsla um nám og kennslu, sjálfsmat Kerhólsskóla 2011 – 2012* á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is).

Undanfarin þrjú ár hefur stefna Kerhólsskóla verið sú að nýta náttúruna til útináms og listsköpunar og efla tengsl skólans við nærsamfélagið á sviði umhverfismenntar og grenndarnáms. Námsskrá skólans og skóladagatal bera þess nú skýr merki að sú stefna hefur fest sig í sessi. Þar má sjá hvernig kennslu í umhverfismennt, útinámi, grenndarnámi og list- og verkgreinanámi er háttað. Sömuleiðis má nefna skipulag umhverfisdaga og vettvangsferða (sjá Skólanámskrá Kerhólsskóla 2011 – 2012 á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is).
Einnig var skólinn skráður til þátttöku í verkefninu *Skólar á grænni grein* og hlaut Grænfánann 2. júní síðastliðinn til marks um það að í skólanum er stunduð árangursrík fræðsla í umhverfismennt og skólinn hefur mótað sér skýra umhverfisstefnu (sjá greinagerðina *Skóli á grænni grein* á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is).

Verk- og tímaáætlun þróunarverkefnisins stóðst að mestu leyti að undanskildu einu fráviki og tveimur breytingum sem nefndar hafa verið hér að framan (sjá fylgiskjöl nr. 1 og 2).

Ekki verður annað sagt en að vinna við þróunarverkefnið hafi styrkt faglegt starf skólans. Það hefur aukið fjölbreytni í kennsluháttum og haft varanleg áhrif á skólastarfið.

Næsta skólaár verður vinnu við útilistaverk framhaldið og gerðir fleiri fánar sem bætast í hóp þeirra sem fyrir eru. Haustið 2013 er síðan áætlað að vígja stærra útilistaverk og eru fánarnir hugsaðir sem hluti af því verki.

Grænfánaverkefnið er rétt að hefjast. Að því verkefni þarf að vinna jöfnum höndum næstu tvö árin vilji skólinn hljóta þá viðurkenningu sem fáninn stendur fyrir, þar sem á tveggja ára fresti er gerð úttekt á Grænfánaskólum og starfseminni sem fer fram í þeim.


Göngúferð á Hestfjall

Skóladagatal hefur verið skipulagt með umhverfis- og útidaga í huga. Útinám, grenndarnám og útieldhús eru orðnir fastir liðir í skólanámskránni og vettvangsferðaáætlun úr útiskólaritinu (sjá skýrsluna *Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu* á heimasíðu skólans www.kerholsskoli.is) verður fylgt eftir næstu árin.

## Lokaorð

Við skólaslit þann 2. júní var haldin vorhátíð þar sem vinna við þróunarverkefnið *„Til móts við náttúruna"* var kynnt. Að því tilefni var útilistaverk afhjúpað, sýning var sett upp í skólanum á verkefnum nemenda sem tengdust þróunarverkefninu og myndum úr skólastarfinu sem teknar hafa verið sl. þrjú ár. Einnig fékk skólinn afhentan Grænfánann þennan dag og land fyrir skólaskóg og matjurtagarð.

Í nóvember verður þróunarverkefnið kynnt í Háskóla Íslands á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun og Sprotasjóðs Mennta- og menningamálaráðuneytisins. Þá er einnig áætlað að vinnu við ljósmyndabók um þróunarverkefnið verði lokið og hún gefin út.

Verkefnisstjóri þakkar samstarfsmönnum, nemendum og foreldrum fyrir jákvæð viðhorf, áhuga og metnað til handa þróunarverkefninu sem nú er orðinn hluti af daglegu starfi Kerhólsskóla. Ráðgjafa verkefnisins, Ingvari Sigurgeirssyni eru færðar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn.

15. ágúst 2012

Dagsetning

Ragna Björnsdóttir

Ragna Björnsdóttir verkefnisstjóri þróunarverkefnis

Hilmar Björgvinsson

Hilmar Björgvinsson skólastjóri Kerhólsskóla

## Fylgiskjal nr.1: Upphafleg vinnuáætlun þróunarverkefnisins *„Til móts við náttúruna“.*

# Vinnuáætlun í þróunarverkefni

| Viðfangsefni/ Verkþáttur | Hvað – þarf að gera/ – á að gera/? | Hverjir koma að verkinu? |
|---|---|---|
| Umhverfisstefna | Ljúka við mótun hennar með framtíðar sýn í huga og henni komið á framfæri í skólanámskrá og vef skólans | Starfsfólk |
| Skólanámskrá | Umfjöllun í almenna hlutanum<br>• Umhverfisstefnan<br>• Umhverfismennt<br>• Vettvangsferðir<br>• Útinám/útiskóli<br>Umfjöllun í bekkjarnámskrám<br>• Viðfangsefni sem tengjast náttúrufræði og umhverfismennt<br>• Viðfangsefni sem tengjast grenndarsamfélaginu<br>• Viðfangsefni í list- og verkgreinum<br>• Þáttur útináms í öðrum námsgreinum | Starfsfólk, foreldrar, nemendur |
| Grenndarsam-<br>félagið | Þátttaka og samstarf við aðila úr grenndarsamfélaginu<br>• Nota t.d. umhverfisdaga eða vordaga<br>• Réttardagurinn<br>• Samstarf við Sesseljuhús<br>• Bjóða aðilum í heimsókn<br>• Vettvangsferðir<br>• Alviðra<br>• Samstarf við aðra skóla (Þjórsárskóla/Flóaskóla) | Starfsfólk, foreldrar, nemendur og aðrir í grenndarsamfélaginu |
